9 — — einlitar og ómunstraðar	—	7	15
9a — — aðrar í ströngum eða lengjum	—	7	20
9b — duft og deig, ót. a.	—	7	8
9c — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
30. Aftan við nr. 6 í 85. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 7 Bandprjónar, heklunálar, prjónavélanálar, saumavéla- nálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppu- nálar og aðrar þess háttar nálar	—	7	10

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. i-liður 3. gr. orðist svo:

- i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni **31**
í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til
sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum
umbúðum. 17. febr.
2. j-liður 3. gr. orðist svo:
- j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar
framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda
sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða
að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem
svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greiddar hafi
verið af efnivörum.
3. Á eftir y-lið 3. gr. komi þrír nýir stafliðir, svo hljóðandi:
- z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði islenzkra framleiðslu-
og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram
hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
- b. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar
um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
- æ. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til
netjagerðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir 17. liður laga nr. 49/1950 og 21.
liður 1. gr. laga nr. 108/1951, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá
o. fl.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

32

17. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aldén, Gunnar Bertil, vélamaður í hvalveiðistöðinni í Hvalfirði, fæddur 31.
janúar 1920 í Svíþjóð.
2. Bates, John, iðnaðarverkamaður í Hafnarfirði, fæddur 25. febrúar 1920 í Englandi.
3. Bethke, Heimbart Paul Willy, verkstjóri á Siglufirði, fæddur 31. desember 1909
í Þýskalandi.
4. Bethke, Svava, húsmóðir á Siglufirði, fædd 3. maí 1911 á Íslandi.
5. Dyrö, Hákon Jensen, bóndi að Bæ í Hrutafirði, fæddur 20. febrúar 1912 í Noregi.
6. Eysturoy, Grímur Norski, kafari, Reykjavík, fæddur 28. júlí 1919 í Færeyjum.
7. Eysturoy, Ingibjörg Soffía, húsmóðir í Reykjavík, fædd 16. október 1920 í Fær-
eyjum.

- 32** 8. Felzmann, Ingibjörg Unnur, húsmóðir í Reykjavík, fædd 9. júlí 1917 í Reykjavík.
 17. febr. 9. Felzmann, Josef Johann, hljóðfæraleikari í Reykjavík, fæddur 20. febrúar 1910 í Austurríki.
 10. Guðrún Guðmundsdóttir, barnfóstra á Akureyri, fædd 12. desember 1919 á Íslandi.
 11. Heinicke, Alfred Franz, bakari á Siglufirði, fæddur 23. janúar 1913 í Þýzkalandi.
 12. Heinicke, Caecilie Hildgard, húsmóðir á Siglufirði, fædd 2. apríl 1921 í Þýzkalandi.
 13. Hinz, Elisabeth, bókari í Reykjavík, fædd 28. desember 1901 í Þýzkalandi.
 14. Jakobssen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1911 í Noregi.
 15. Jansen, Johannes Adrianus Maria, garðyrkjumaður á Laugalandi í Stafholts-
 tungum í Mýrasýslu, fæddur 30. ágúst 1912 í Hollandi.
 16. Kyvik, Harald, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnassýslu, fæddur 12.
 nóvember 1929 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
 17. Kyvik, Lloyd Martin, landbúnaðarverkamaður, Auðsholti í Árnassýslu, fæddur
 13. október 1931 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
 18. Mikkelsen, Poul Hagbard, garðyrkjumaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum,
 fæddur 11. desember 1921 í Danmörku.
 19. Olsen, Samuel John Fritz, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur 8. febrúar 1924
 í Færeyjum.
 20. Rannveig Fannhvít Þorgeirsdóttir, Lambastöðum í Garði, Gullbringusýslu,
 fædd þar 9. maí 1926.
 21. Schäfer, Maria, reglusystir, Hafnarfirði, fædd 10. marz 1912 í Þýzkalandi.
 22. Vorovka, Karel Václav Alexius, stud. theol., Reykjavík, fæddur 17. júlí 1911
 í Tékkóslóvakíu.
 23. Wilberg, Nils Petter Andreas, verkamaður á Ísafirði, fæddur 20. október 1916
 í Noregi.
 24. Wilberg, Ólöf, húsmóðir á Ísafirði, fædd 23. júlí 1919 á Íslandi.
 25. Zachariassen, Frida, húsmóðir í Reykjavík, fædd 5. nóvember 1927 í Færeyjum.
 26. Zachariassen, Jens Elias Karl, skósmiður í Reykjavík, fæddur 19. febrúar 1921
 í Færeyjum.
 27. Österö, Svinn Karsten Símonarson, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 22.
 október 1925 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
 rétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr.
 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

33

18. febr.

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946,
um almannatryggingar, og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsg. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærsluveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærsluveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærsluveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærsluveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

2. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem giftar hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 1/1952 komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.

Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar meður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

33

18. febr.

4. gr.

5. tölul. 21. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári, að viðbætttri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.

5. gr.

24. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 455.00
Á 2. —	— 365.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 410.00
Á 2. —	— 330.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 305.00
Á 2. —	— 245.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 5.45 á viku.
Á 2. —	— 4.10 — —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:

12.6 millj. kr.

4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:

20.4 millj. kr.

6. gr.

25. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

7. gr.

36. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Fyrsti tölulíður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. febr. 1953, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 1 1952 og gefa þau út svo breytt. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 112/1952.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

34

18. febr.

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

2. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af olíu og benzíni, sem keypt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptamálaráðuneytið fyrir missiri í senn, og sé upphæð þess við það miðuð, að gjaldið nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af olíu og benzíni, sem þarf að flytja frá innflutningsstöðum til annarra útsölastaða, svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörum hvar sem er á landinu. Verðjöfnunargjaldið reiknast af seldu magni af olíu og benzíni, og skulu oliufélögin (innflytjendur) greiða gjaldið til viðskiptamálaráðuneytisins ársfjórðungslega.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölastaða. Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður afgangur í verðjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugvélabenzín.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1953.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um bæjanöfn o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Hún skal auk eftirlits og tillagna um býlanöfn hafa á hendi eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera ráðuneytinu til leiðbeiningar og aðstoðar um önnur málefni, er varða hvers konar staðarnöfn hér á landi.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, þeim, er talin eru í fasteignabók 1942, má eigi breyta nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar (sbr. 5. gr.).

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi ráðherra, að fengnum tillögum örnefnanefndar.

5. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim lýst í umsókninni, hvort sem um er að ræða nafn á nýbýli eða nafn á býli, sem eigandi vill breyta um nafn á. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt umsækjanda á býlinu. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama sýslufélagi eða því um líkt. Við upptöku nýnefna skal gæta þess, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama sýslufélagi né nafna, sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í sýslufélaginu, að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.

Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama sýslufélagi eða svo líkt, að hætta getur verið á mistökum, eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjálft, og er þá rétt, að hún hlutist til um að fá nafninu breytt til betri vegar.

6. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæm-

lega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja 35 skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. Þinglýsingarvaldsmanni 18. febr. skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kaupþúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.

7. gr.

Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhverrar jarðar eða jarða, og er þá rétt, að sýslunefnd sæki um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

8. gr.

Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt, eftir að henni hafa borizt beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., senda ráðherra rökstuddar tillögur um málið. Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfasta nafn, sem um er beðið á nýbýli, og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn, sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn, sem nefndin fellst á, og tilkynnt það örnefnanefnd, sendir örnefnanefnd öll gögn viðvikjandi málinu til ráðherra, og úrskurðar hann, hvert nafn býlið skuli fá, og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir ráðherra viðkomandi sýslumanni, sem færir það þegar í veðmálabækur, sendir það eiganda býlisins og þinglýsir því á næsta manntalsþingi og tilkynnir nafnbreytinguna þinglýstum veðhafa. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvikjandi fasteign, sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um nöfn þau, sem leyft hefur verið að taka upp á árinu. Svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.

9. gr.

Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók 1942. Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 51 5. júlí 1937.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1950, eru veittar kr. 10 677 515.41 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 24 233 911.88 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 34 911 427.29.

Til viðbótar fé því, sem veitt er til eignahreyfinga, eru veittar kr. 87 875 134.40.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

2. Síminn:

1.	Til notendasíma í sveitum	kr.	331 540.00
2.	Til starfrækslu landssímanna:		
a.	Kostnaður við aðalskrifstofu landssímans	—	140 573.52
b.	Ritsíminn í Reykjavík	—	234 799.39
g.	Ritsímastöðin á Akureyri	—	231 217.03
h.	Ritsímastöðin á Seyðisfirði	—	53 052.60
i.	Ritsímastöðin á Ísafirði	—	27 273.88
j.	Símastöðin á Borðeyri	—	15 059.57
k.	Símastöðin í Vestmannaeyjum	—	119 181.37
m.	Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	513 015.63
3.	Eyðublöð, prentunarkostnaður, ritföng o. fl. ..	—	232 595.17
8.	Fyrning húsa og áhalda	—	6 071.76
9.	Vextir af lánnum	—	1 500.20
11.	Gengistap	—	933 947.92
12.	Viðhald jarðsíma til Keflavíkur og Selfoss ..	—	90 300.58

kr. 2 930 128.62

af kr. 4 457 957.42 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignahreyfingar:

III.	Eignaaukning landssímans	kr.	1 883 818.09
		—	—
		samtals	kr. 1 883 818.09

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	404 149.76
2.	Kostnaður við áfengisútsölu	—	99 486.46
3.	Ýmis rekstrarkostnaður	—	179 897.30
4.	Útsvar	—	497 460.62
5.	Flutningskostnaður	—	168 665.71
6.	Vextir og bankakostnaður	—	56 723.70
7.	Fyrning	—	33 698.23

8. Gengistap	kr.	281 122.49
9. Tillag til gæzlúvistar sjóðs	—	750 000.00

kr. 2 471 204.27

36

18. febr.

af kr. 8 271 482.73 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

1. Laun starfsmanna	kr.	2 474.39
3. Útsvar	—	390 763.67
4. Fyrning	—	46 542.76

— 439 780.82

af kr. 8 457 913.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútlátið:

1. Laun starfsmanna	kr.	380 411.99
2. Útlátið	—	160 987.08
3. Skrifstofukostnaður	—	108 457.83
4. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	67 030.47
6. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.	—	37 397.61
7. Iðgjöld í lífeyrissjóð og slysatrygging	—	33 418.14
8. Óviss útgjöld	—	75 101.96
9. Bifreiðakostnaður	—	19 324.02
10. Fyrning á húsum, áhöldum og vélum	—	2 160.17
11. Söluskattur	—	41 991.00

— 926 280.27

en tekjur fóru kr. 308 123.90 fram úr fjárlagaáætlun.

Viðtækjaverzlunin:

Gjöld	—	83 963.38
-------------	---	-----------

af kr. 435 783.29 brúttótekjum.

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

1. a. Laun framkvæmdastjóra, skrifstofufólks og afgreiðslufólks	kr.	43 683.03
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	—	230 660.82
c. Framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna	—	28 195.59
5. Fyrning	—	11 080.40
6. Útsvar	—	10 632.27
7. Söluskattur	—	73 590.00

— 397 842.11

en tekjur fóru kr. 361 454.82 fram úr fjárlagaáætlun.

7. Áburðarsala ríkisins:

Gjöld	—	37 397.32
-------------	---	-----------

af kr. 50 373.46 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

8. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld	—	94 056.92
-------------	---	-----------

af kr. 156 995.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

9. Landssmiðjan:

Gjöld	—	401 590.62
-------------	---	------------

en tekjur fóru kr. 378 770.93 fram úr fjárlagaáætlun.

36
18. febr.

11. Tunnuverksmiðjur ríkisins:		
Gjöld		kr. 205 994.16
en tekjur fóru kr. 205 994.16 fram úr fjárlagaáætlun.		
12. Olíuflutningaskipið Þyrill:		
Gjöld	—	713 706.29
af kr. 875 746.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13. Innkaupastofnun ríkisins:		
Gjöld	—	43 467.88
af kr. 141 637.58 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
14. Bessastaðabú:		
Gjöld	—	56 785.91
af kr. 79 364.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
15. Vífilsstaðabú:		
Gjöld	—	416 428.70
af kr. 455 570.78 brúttótekjum.		
16. Kleppsú:		
Gjöld	—	305 311.97
af kr. 310 748.74 brúttótekjum.		
17. Kópavogsbú:		
Gjöld	—	59 799.31
af kr. 66 698.55 brúttótekjum.		
18. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi:		
Gjöld	—	235 710.33
af kr. 339 968.55 brúttótekjum.		
19. Skólabúið á Hólum:		
Gjöld	—	328 192.84
en brúttótekjur voru kr. 304 075.90.		
20. Skólabúið á Hvanneyri:		
Gjöld	—	529 873.69
af kr. 530 113.67 brúttótekjum.		
		<u>Samtals kr. 10 677 515.41</u>

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:	
Kostnaður við æðstu stjórn landsins	kr. 91 269.08

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið:

1. Til ráðherra	kr. 61 355.28
2. a.—i. Laun starfsmanna stjórnarráðsins .	— 685 972.54
j. Annar kostnaður ráðuneytanna	— 65 855.61

3. Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun starfsmanna	kr.	104 464.74	36
b. Annar kostnaður	—	38 821.28	18. febr.
4. Ýmis kostnaður	—	179 424.39	
II. Hagstofan	—	116 459.74	
III. Utanríkismál:			
5. Sendiráðið í Moskvu	—	55 774.08	
6. Sendiráðið í París	—	120 880.10	
9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York .	—	7 005.14	
10. Ferðakostnaður starfsm. sendiráðanna ..	—	9 831.38	
11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	132 072.75	
12. Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum	—	156 034.86	
14. Kostnaður vegna kjörræðismanna	—	2 241.83	
		<hr/>	
		kr. 1 736 193.72	

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur	88 150.18
2. Borgardómaraembættið í Rvík .	100 876.00
3. Borgarfégetaembættið í Rvík ..	57 441.37
4. Sakadómaraembættið í Rvík ..	146 807.89
5. Lögreglustjóraembættið í Rvík .	137 789.07
6. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustj. utan Rvíkur:	
a. Laun	204 972.38
b. Skrifstofukostnaður	921 411.12
7. Laun hreppstjóra	173 461.17
8. Lögreglukostnaður:	
a. Ríkislögregla	482 267.28
b. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Rvík	25 000.00
10. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:	
a. Hegningarhúsið í Reykjavík	31 365.31
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni .	103 829.22
c. Fangaklefar lögr. í Rvík ..	2 165.53
d. Kostn. við önnur fangahús .	5 835.31
11. Kostn. við sakamál og lögr.mál	9 000.71
13. Laun sjódomsmanna	48 774.00
14. Kostnaður við störf setu- og varadómara	119 623.88
15. Til viðgerðar á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað, vegna skemmda af skriðuhlaupi	37 005.52
16. Kostnaður við félagsdóm	3 545.96
17. Kostnaður við framkvæmd laga um bókhald	8 391.03
18. Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	2 836.79
19. Kostnaður samkv. lögum nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði	21 336.22
	<hr/>
	kr. 2 731 885.94

36

B. Opinbert eftirlit:

18. febr.	2. Eftirlit með verksm. og vélum	34 465.31	
	3. Bifreiðaeftirlit ríkisins	255 117.16	
	5. Eftirlit með skipul. sjávarþorpa	58 510.18	
	6. Matvæla- og mjólkureftirlit	15 762.66	
	7. Kostnaður við mat á afurðum:		
	a. Fiskmat	170 140.68	
	c. Kjötmat	4 194.69	
	d. Ullarmat	3 525.00	
	e. Lýsismat	750.00	
	f. Ferðakostnaður matsmanna	41 586.66	
	8. Kostn. við vörumerkjaskráningu	11 211.93	
	11. Eftirlit með sparisjóðum	5 534.06	
	12. Eftirlit með viðskipta- og verð- lagsmálum	413 346.50	
	13. Húsaleiguetfirlit	40 896.75	
	14. Kostnaður við embættiseftirlit	11 763.35	
	15. Kostnaður vegna laga nr. 68 1947, um eftirlit með skipum ..	32 580.00	
	16. Kostnaður vegna laga nr. 5 1949, um kjötmat	2 900.00	
			kr. 1 102 284.93

**C. Kostnaður við innheimtu
tolla og skatta:**

I. Tollar:			
	a. Tollstjóraembættið í Rvík ..	332 323.55	
	b. 1. Tollgæzlan í Reykjavík .	328 951.70	
	2. Tollgæzla utan Rvíkur .	231 165.42	
II. Skattar:			
	a. Ríkisskattanevnd	21 380.00	
	b. Skattstofan í Reykjavík	437 559.29	
	c. Skattstofur utan Rvíkur	163 184.45	
	e. Yfirsattanevndir	16 214.00	
	f. Skattdómaraembættið	8 076.70	
			— 1 538 855.11

**D. Sameiginlegur kostnaður við
embættisrekstur:**

1. Símakostnaður, endurgreiddur embættismönnum og opinberum stofnunum	117 809.43	
2. Burðargj. endurgr. sömu aðilum	120 916.61	
3. Eyðublöð, bókbænd, augl. o. fl.	50 165.96	
		— 288 892.00

kr. 5 661 917.98

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

I. Landlæknisembættið	kr.	19 316.58
II. Laun héraðslækna	—	561 938.55
III. Kostnaður vegna laga um læknaáð	—	3 900.00

IV. Ríkisspítalarnir:		
A. Landsspítalinn	535 685.39	
en tekjur fóru 298 956.52		
kr. fram úr fjárl.áætlun.		
C. Heilsuhælið á Vífilsst.	87 871.96	
G. Fávitahælið á Klepp-		
járnsreykjum	21 225.40	
en tekjur fóru 2 042.31		
kr. fram úr fjárl.áætlun.		
		kr. 644 782.75
X. Til bygg. fjórðungssjúkrah. á Akureyri	—	100 000.00
XVI. Laun kynsjúkdómalækni	—	6 382.13
XVIII. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum ..	—	4 549.32
XX. Til Halldórs Arnórssonar, umbúðasmiðs	—	967.50
XXIV. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra ..	—	140 238.40
XXVI. Kostnaður vegna heimildarlaga um styrk		
til afskekktara staða til að hafa lærða		
hjúkrunarkonu	—	4 000.00
XXVII. Læknisvitjanastyrkur samkv. heimildar-		
lögum til Borgarfjarðarhrepps	—	545.00
XXVIII. Kostnaður vegna laga nr. 21 1937, um		
störf héraðslækna	—	4 860.00
XXIX. Kostnaður vegna laga nr. 27 1945, um		
eyðingu á rottum	—	806.48
		kr. 1 492 286.71

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur		
vegagerða	175 619.58	
II. Þjóðvegir:		
a. Til nýrra akvega	207 995.86	
b. Viðhald og endurbætur .	1 151 565.99	
III. Brúargerðir	156 282.55	
IV. Til fjallvega	5 013.52	
VI. Til sýsluvega	67 263.72	
XI. Til að halda uppi byggð og		
gistingu handa ferðamönnum	5 487.74	
XV. Orlof verkamanna	28 509.34	
		kr. 1 797 738.30

B. Samgöngur:

I. Til strandferða	1 217 622.97	
III. Tap á sölu bifreiða, áhalda		
og bygginga	1 249 795.69	
IV. Ferðaskrifstofa ríkisins	119 869.54	
af kr. 218 861.31 tekjum um-		
fram fjárlagaáætlun.		
V. Kostnaður vegna heimildar-		
laga um styrk til Skagafjarð-		
arbáts sumarið 1947	12 000.00	
		— 2 599 288.20

36

C. Vitamál og hafnargerðir:

18. febr.

I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála	150 769.08	
II. Laun vitavarða	52 293.18	
III. Rekstrarkostnaður vitanna .	84 708.41	
IV. Viðhald og endurbætur vit- anna	254.45	
VII. Fyrning	462 394.04	
		kr. 750 419.16

D. Flugmál:

I. Stjórn flugmála	149 274.45	
II. Reykjavíkurflugvöllur	163 797.88	
2. Slökkviliðsdeild	70 775.69	
3. Sjóflughöfn	50 051.58	
4. Vélaverkstæði	386 867.59	
7. Annar kostnaður	21 710.40	
III. Keflavíkurflugvöllur	135 086.42	
V. Flugumferðarstjórn	127.00	
VI. Lorastöðin á Reynisfjalli ..	5 053.98	
VIII. Blindflugskólinn	7 346.62	
X. Alþjóðaflugmálastofnun og flugmálaráðstefnur	92 414.45	
XIII. Eftirlit með flugvélum og læknisskoðun flugmanna ...	67 961.90	
XIV. Kostn. landssímans vegna flugþjónustu	149 996.24	
XV. Kostnaður Íslands við veður- þjónustu vegna millilanda- flugs	31 550.41	
XVI. Námskeið flugmanna	12 105.53	
XVII. Fyrning	535 572.06	
		— 1 879 692.20

af kr. 1 916 929.37 tekjum umfr. fjárl.áætlun.

kr. 7 027 137.86

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

I. Biskupsembættið	47 382.63	
II. Embætti sóknarpresta og pró- fasta	553 024.87	
III. Til söngmálastjóra þjóð- kirkjunnar	7 161.70	
IX. Kostnaður vegna laga nr. 17 1931, um bókasöfn prestak.	717.65	
X. Kostnaður vegna laga nr. 38 1947, um skipulag og hýs- ingu prestssetra	22 440.73	
XI. Kostnaður vegna Bessastaða- kirkju	9 233.39	
		kr. 639 960.97

B. Kennslumál:

I. a. Háskólinn	381 217.20
III. Fræðslumálastj.embættið .	77 419.56
IV. Menntaskólinn í Reykjavík	315 077.86
V. Menntaskólinn á Akureyri	232 810.56
VI. Kennaraskólinn	64 154.38
VII. Stýrimannaskólinn	48 562.48
VIII. Vélstjóraskólinn	52 801.98
X. Búnaðarkennsla:	
3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	26 681.70
XIII. Almenn barnafræðsla:	
1. Laun kennara í föstum skólum	2 948 382.59
2. Laun farkennara	154 338.17
4. Til kennslueftirlits	18 820.91
5. Til framkvæmdar sund- skyldu í skólum	50 439.04
7. Til fyrrv. barnakennara	9 630.00
8. Ráðskonukaup við heimavistarskóla	65 959.89
9. Akstur skólabarna	33 057.91
XIV. Gagnfræðamenntun:	
1. Alþýðusk. á Eiðum ..	83 994.53
2. Til héraðs- og gagn- fræðaskóla	1 389 260.09
4. Til námsstjóra við fram- haldsskóla	35 880.00
9. Til Handíðaskólans ...	99 802.95
XV. Húsmæðrafræðsla:	
1. Til húsmæðraskóla	435 041.66
3. Til rafstöðvar á Staðar- felli	300.15
4. Til húsmæðrakennara- skóla	6 607.74
5. Til námsstjóra	6 080.00
XVI. Til íþróttamála:	
1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins	14 202.40
4. Laun Ólafs Pálssonar, sundkennara, vegna eft- irlits með sundkennslu	2 346.58
XVII. Til heyrnar- og málleys- ingja	55 141.85
XXV. Til Alþýðusambands Ís- lands 1949 og 1950	10 000.00
XXVIII. Til rannsókna á þroska ís- lenzkra skólabarna	21 928.20
XXIX. Til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	21.40

36
18. febr.

XXX.	Kostnaður vegna heimildar- arlags um styrk til vefnað- arkennslu á Hallormsstað	5 000.00
XXXI.	Kostnaður vegna heimild- arlags um byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur, Hveragerði	20 000.00
XXXII.	Kostnaður vegna heimild- arlags um byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibj. Jóhannesdóttur, Löngumýri	20 000.00

 kr. 6 684 961.78

 kr. 7 324 922.75

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi:

I.	Landsbókasafnið	56 841.85
II.	Þjóðskjalasafnið	31 493.35
III.	Þjóðminjasafnið	18 435.33
IV.	Náttúrugripasafnið	44 279.32
VI.	Safnahúsið	16 172.50
VII.	Styrkur til bókasafna og lesstofa:	
	21. Til bókasafns á Kópa- skeri 1949 og 1950 ..	1 000.00
VIII.	Styrkur til bókaútgáfu o.fl.:	
	11. Til Steins Dofra, ættfr.	4 011.25
	13. Til að þýða rit dr. Jóns Dúasonar á enska tungu, fyrir 1949 og 1950	25 000.00
	14. Til Ara Arnalds, vegna ritstarfa	500.00
	19. Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn	4.28
	20. Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn	17.10
	21. Til Ætt- og mannfræði- félagsins	5 000.00
IX.	Til skálda, rithöfunda og listamanna	27 885.00
XX.	Þórunn Jóhannsdóttir, til tónlistarnáms erlendis	0.03
XXIV.	Þorsteinn Hannesson, til söngnáms	2 285.00
XXV.	Til listasafns Einars Jóns- sonar	15 151.84
XXIX.	Kostn. við friðun Þingvalla	18 779.54
XXX.	Til umbóta á Þingvöllum .	652.00

XXXII. Til blaðanna Lögbergs og Heimskringlu	0.08	
XXXIII. Kostnaður vegna heimildar- arlags um byggingarstyrk til Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara	15 000.00	
	<hr/>	kr. 282 508.47

36
18. febr.

**B. Til ýmissa rannsókna
í opinbera þágu:**

I. Atvinnudeild háskólans	51 414.20	
III. Til rannsóknaráðs	36 981.67	
IV. Veðurstofa Íslands	121 583.61	
VII. Til sjómælinga	44 946.68	
VIII. Til húsameistara ríkisins	40 783.18	
	<hr/>	— 295 709.34
		kr. 578 217.81

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

A. Landbúnaðarmál:

1. Til Búnaðarfélags Íslands	87 254.96
7. Framlag til búfjártrygginga ...	31 346.99
18. Til sandgræðslu	7 559.20
19. Til skógræktar	13 505.36
24. Til loðdýraræktar	2 704.20
25. Kostnaður vegna eyðingar refa og minka	64 022.33
26. Til dýralækna	84 130.65
27. Til kláðalækninga	4 097.00
28. Kostnaður við sauðfjársjúk- dómavarnir	2 344 400.00
30. Kostnaður vegna laga nr. 66 1937, um meðferð og sölu mjólk- ur og rjóma	19 152.07
31. Kostnaður vegna laga nr. 28 1940, um friðun hreindýra	3 025.00
32. Kostnaður vegna laga nr. 64 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	1 959.10
33. Kostnaður vegna laga nr. 64 1941, um jarðakaup ríkisins ...	7 180.00
34. Kostnaður vegna laga nr. 89 1941, um eyðingu svartbaks ..	1 998.15
35. Kostnaður vegna laga nr. 97 1950, um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum	1 489 000.00
36. Kostnaður vegna tilraunarráðs búfjárræktar	34 181.31
37. Kostnaður vegna framræslu lands á Eyrarbakka	19 361.92

36	38. Kostnaður vegna framræslu lands að Hvammi í Dölum	9 519.00	
18. febr.			kr. 4 224 397.24

B. Sjávarútvegsmál:

1.	Til Fiskifélags Íslands	99 207.64	
3.	Til alþjóðahafrannsóknna	3 380.00	
4.	Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins	6 551.75	
6.	Til alþjóðahvalveiðiráðs	4 255.00	
7.	Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir	19 499.90	
8.	Til greiðslu síldveiðilána sumarið 1949, samkv. l. nr. 10 1949	19 156.33	
13.	Til greiðslu á sjóveðum síldveiðiskipa 1949	20 660.78	
15.	Kostnaður vegna laga nr. 32 1942, um vátr.fél. vélbáta	37 569.48	
16.	Kostnaður vegna laga nr. 45 1946, um beitumál	10 553.00	
17.	Kostnaður vegna laga nr. 48 1949, um hlutatr.sjóði fiskiskipa	498 755.16	
18.	Kostnaður vegna þingsályktunar um hreinsun Hvalfjarðar	4 521.97	
			724 111.01

C. Iðnaðarmál:

9.	Til undirbúningsrannsóknna vegna sementsverksmiðju	19 858.25	
10.	Styrkur til iðnráðs Reykjavíkur	7 000.00	
			26 858.25

D. Raforkumál:

I.	Stjórn raforkumála	6 221.88	
II.	Til undirbúningsrannsóknna og áætlana um nýjar raforkuframkvæmdir	636.08	
III.	Rafmagnsveitur ríkisins en tekjur urðu kr. 3 763 222.85 umfram fjárlagaáætlun.	3 807 657.35	
IV.	Vatnamælingar	58 809.45	
VII.	Rafmagnseftirlit ríkisins af kr. 316 751.98 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	158 977.45	
XI.	Tap varasjóðs	507 077.04	
			4 539 379.25

kr. 9 514 745.75

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

4.	Gjöld samkv. framfærslulögum, nr. 80 1947	kr.	81 992.52
7.	Til Sambands ísl. berklasjúklinga	—	9 812.95
9.	Kostnaður við barnaverndarráð	—	10 687.10

13. Upptökuheimili í Elliðahvammum	kr.	23 154.06	
16. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erl. ..	—	3 098.63	
17. Til bindindisstarfsemi	—	6 772.35	
22. Til vinnumiðlunar	—	17 721.90	
27. Til vatnsveitna	—	80 000.00	
32. Tillag til Food and Agricultural Organization	—	88.10	
33. Tillag til World Health Organization	—	24 085.65	
35. Tillag til Organization of the European Economic Cooperation	—	58 886.53	
36. Tillag til Evrópuráðsins	—	12 403.15	
37. Kostnaður vegna laga nr. 57 1928, um atvinnuleysissskýrslur	—	2 207.42	
38. Kostnaður vegna laga nr. 97 1941, um ófriðartryggingar	—	1 375.00	
39. Kostnaður vegna laga nr. 109 1943, um hlutabryggingarfélög	—	14 389.70	
40. Kostnaður vegna laga nr. 42 1946, um nýbyggingar í Höfðakaupstað	—	173 730.94	
41. Kostnaður vegna laga nr. 58 1947, um Egilsstaðakaupstún	—	53 500.00	
42. Kostnaður vegna laga nr. 93 1947, um aðstoð til vatnsveitna	—	6 000.00	
43. Til alþjóðafélags gegn berklaveiki	—	466.30	
44. Tillag til Bernarsambandsins	—	8 483.35	
			kr. 588 855.59

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

I.—II. Eftirlaun og styrktarfé	kr.	625 544.62	
III. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	—	840 278.89	
IV.—V. Framlag ríkissjóðs samkv. 6. gr. reglugerðar 24. nóv. 1944 og verðlagsuppbót af greiðslum úr lífeyrissjóði	—	105 366.62	
			— 1 571 190.13

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

4. Óviss útgjöld	kr.	2 099 604.99	
5. Samkv. l. nr. 100 1948, um fiskábyrgðarnefnd	—	91 000.00	
6. Kostnaður við sögu Alþingis	—	2 790.00	
7. Viðhald húsa og annarra mannvirkja að Bessastöðum	—	327 160.77	
8. Þjóðhátíðarnefnd frá 1944	—	126 618.68	
			— 2 647 174.44

Samtals 3.—13. gr. kr. 38 233 911.88

Frá dragast launahækkningar, sbr. 19. gr. 2 fjárl. 1950

Kr. 24 233 911.88
2. gr. — 10 677 515.41

Samtals kr. 34 911 427.29

36
18. febr.

	14. gr.	
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út,		
voru greiddar	kr. 124 862 640.40	
en veittar voru í fjárlögum	— 36 987 506.00	
	Mismunur	kr. 87 875 134.40
Inn fóru kr. 101 641 860.25 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Samtals	kr. 122 786 561.69

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.37
18. febr.

L Ö G

um að breyta í óafturkræf framlög ríkislánnum til Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóðs verkamanna, lánadeildar smábúðarhúsa og láni til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin lán, sem ríkissjóður hefur veitt Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði verkamanna og lánadeild smábúðarhúsa, skulu vera óafturkræf framlög:

1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 7500000.00
 2. Lán veitt byggingarsjóði Búnaðarbankans:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 7500000.00
 3. Lán veitt veðdeild Búnaðarbankans:
 - Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 kr. 1000000.00
 4. Lán veitt byggingarsjóði verkamanna:
 - a. Af gengishagnaði 1950 kr. 6874946.51
 - b. Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 — 4000000.00
 5. Lán veitt lánadeild smábúðarhúsa:
 - Af tekjuafgangi ríkissjóðs 1951 kr. 4000000.00
- Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessum lánnum.

2. gr.

Þær kr. 4 000 000.00, sem lánaðar hafa verið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44/1946, skal ríkisstjórnin, jafnóðum og þær endurgreiðast, lána að nýju til sams konar framkvæmda. Sama gildir um ógreidda vexti til ríkissjóðs af þessu fé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

38

27. febr.

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar,
og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 8. gr. laga nr. 33 18. febrúar 1953, um breyting á lögum nr. 1/1952, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, hef látið fella ákvæði hinna fyrstnefndu laga inn í meginmál laga nr. 1/1952, og gef þau lög út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafla laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögnum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsg. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefndar, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kys. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

38 27. febr.	1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:	
	a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:	
	Á 1. verðlagssvæði	kr. 6528.00
	Á 2. —	— 4896.00
	b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:	
	Á 1. verðlagssvæði	— 4080.00
	Á 2. —	— 3060.00
	2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði	kr. 2400.00
	Á 2. —	— 1800.00
	3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði	— 1200.00
	Á 2. —	— 900.00
	4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:	
	Fyrstu 3 mán., eftir lát maka	kr. 600.00 á mán.
	Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila	— 450.00 — —
	5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði	kr. 2448.00
	Á 2. —	— 1836.00
	6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:	
	a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:	
	Á 1. verðlagssvæði	kr. 18.00 á dag.
	Á 2. —	— 15.00 — —
	b. Fyrir aðra:	
	Á 1. verðlagssvæði	— 15.00 á dag.
	Á 2. —	— 12.00 — —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálf, eins og ákvæðið er í síðustu málgr. 23. gr. laganna.

7. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti. 38

27. febr.

9. gr.

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna, skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

10. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðursins og ákvæði 2. málsg. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

11. gr.

Frá og með 1. jan. 1953 skal auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.

Á 2. verðlagssvæði með 2. barni kr. 300.00, með 3. barni kr. 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðist án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

12. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

13. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsg. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

38 Hafi sjúkrasamslag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

14. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsg. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

15. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

16. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsg. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

17. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrést þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

18. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur, samkv. 57. gr. laganna:
 - a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkvæmt sama lið kr. 4080.00.
 - b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400.00 á ári.
 - c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir systkini, sbr. 5. tölul.
 - d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

19. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkv. 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

20. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

21. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða

færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram 38
eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum. 27. febr.

III. KAFLI

22. gr.

Framkvæmt heilsugæzlu samkvæmt III. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

23. gr.

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. október 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. $\frac{2}{3}$ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skulu takmarkaðar frekar en þar er gert.
4. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslíð fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári að viðbætti verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

24. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

38

27. febr.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1951 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.

25. gr.

IV. KAFLI

26. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árin 1953 og 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 455.00
Á 2. —	— 365.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 410.00
Á 2. —	— 330.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 305.00
Á 2. —	— 245.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 5.45 á viku.
Á 2. —	— 4.10 — —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:

12.6 millj. kr.

4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:

20.4 millj. kr.

27. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölu. bráðabirgða-ákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 26. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

28. gr.

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

29. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

30. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysaftryggingariðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104/1943.

38

27. febr.

31. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kys það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsg. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

32. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 24. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

33. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

34. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskirteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skirteini á meðan slík frestun varir.

35. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

36. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

37. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysaftrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. máls. 1. málsg. 135. gr. laganna,

38 skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysa-
27. febr. tryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æf-
ingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endur-
trygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

38. gr.

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1954.

39. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. febrúar 1953. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 112/1952. Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögin snerta.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutaþækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar hækkunar.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETA BRÉF

39

26. febr.

um heiðurspening til minningar um herra Svein Björnsson, forseta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórninni þyki hlýða, að gerður verði heiðurspeningur í minningu fyrsta forseta Íslands, herra Sveins Björnssonar, er sæma megi nokkra þá menn, er unnu með honum og fyrir hann.

Ég fellst á, að efnt verði til slíks heiðurspenings, og skulu um hann gilda eftirfarandi reglur:

1. gr.

Peningurinn nefnist: *Heiðurspeningur til minningar um herra Svein Björnsson, forseta.* Skal peningurinn gerður úr silfri og sé á framhlið hans mótuð mynd herra Sveins Björnssonar, en umhverfis hana letrað: Sveinn Björnsson, forseti Íslands. Á bakhlið peningsins sé skjaldarmerki ríkisins. Peningurinn sé 3 cm í þvermál og 2 mm á þykkt. *Heiðurspeninginn* skal bera á brjóstinu vinstra megin í sams konar bandi og riddarakross fálsaorðunnar.

2. gr.

Veiting heiðurspeningsins skal fram fara í eitt skipti, — 27. febrúar 1953.

3. gr.

Heiðurspeningnum má sæma þá menn íslenzka, er unnið hafa með og fyrir herra Svein Björnsson.

4. gr.

Forseti Íslands veitir heiðurspeninginn og er hann eign þess, er hlýtur hann.

5. gr.

Forseti Íslands skipar þriggja manna nefnd, er gerir tillögur um veiting peningsins. Skulu þessir eiga sæti í nefndinni: Formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálsaorðu, formaður, skrifstofustjórinn í forsætisráðuneytinu og ritari forseta Íslands.

6. gr.

Heiðurspeningnum skal fylgja skjal, undirritað af forseta Íslands og nefndarmönnum.

7. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum hverjir heiðurspeninginn hljóta.

8. gr.

Kostnaður við heiðurspeninginn greiðist úr ríkissjóði.

Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

um vöruskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

BÓKUN

um vöruskipti milli Íslands og Danmerkur á tímabilinu frá 15. marz 1953 til 14. marz 1954.

1. Með tilvísun til samnings milli Íslands og Danmerkur, er undirritaður var 4. júní 1948 um vöruskipti Íslands og Danmerkur, hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Danmerkur orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði um viðskipti Íslands og Danmerkur á tímabilinu frá 15. marz 1953 til 14. marz 1954.

2. Ríkisstjórn Danmerkur mun leyfa innflutning frá Íslandi á niðursoðnum sjávarafurðum fyrir danskar kr. 200 000 og öðrum íslenskum afurðum á sama hátt og áður hefur tíðkazt.

Innflutningur á íslenskri saltsild (þar með talin kryddsild og sykursöltuð sild) og saltfiski er nú frjáls í Danmörku, en ef þessar vörur verða á ný háðar innflutningstakmörkunum, mun danska ríkisstjórnin leyfa innflutning á samningstímanum á 20 000 tunnum af saltsild (þar með talin kryddsild og sykursöltuð sild) og 500 tonnum af saltfiski.

3. Ríkisstjórn Íslands mun, að svo miklu leyti sem gjaldeyrisástand landsins leyfir, heimila innflutning frá Danmörku á sama hátt og áður hefur tíðkazt.

4. Ríkisstjórn Íslands mun heimila útflutning til Danmerkur á 10% af sildarmjöli því, er til útflutnings kemur, framleiddu sumarið 1953 fram til 15. september, og 20% af sildarmjöli, er til útflutnings kemur, framleiddu veturinn 1953—1954, fram að þeim degi, er bókun þessi fellur úr gildi.

Enn fremur mun heimilaður útflutningur til Danmerkur á 7½% af sildarlýsi því, sem framleitt er sumarið 1953, fram til 15. september, og á 15% af sildarlýsi framleiddu veturinn 1953—1954, fram að þeim degi, er bókun þessi fellur úr gildi.

P R O T O K O L

angáende vareudvekslingen mellem Island og Danmark i tidsrummet fra den 15. marts 1953 til den 14. marts 1954.

1. Under henvisning til den mellem Island og Danmark den 4. juni 1948 undertegnede overenskomst vedrørende den islandsk-danske vareudveksling er den islandske regering og den danske regering blevet enige om følgende bestemmelser for samhandelen mellem de to lande i tidsrummet fra den 15. marts 1953 til den 14. marts 1954.

2. Den danske regering vil tillade import fra Island af konserverede fiskeriprodukter for 200 000 danske kroner og af andre islandske produkter i traditionelt omfang.

Islandsk saltsild (heri indbefattet krydret sild og sukkersaltet sild) og saltfisk kan for tiden frit indføres i Danmark men skulle disse varer påny blive underkastet importrestriktioner vil den danske regering i aftaleperioden tillade import af 20 000 tdr. saltsild (heri indbefattet krydret sild og sukkersaltet sild) og 500 tons saltfisk.

3. Den islandske regering vil, i det omfang Islands valutastilling gør det muligt, tillade den traditionelle import til Island af danske varer.

4. Den islandske regering vil udstede eksportbevillinger til Danmark for 10% af det til eksport fastsatte kvantum af sommerproduktionen af sildemel 1953 indtil den 15. september og for 20% af det til eksport fastsatte kvantum af vinterproduktionen af sildemel 1953—1954 indtil denne protokols udløbsdato.

Endvidere vil der blive udstedt eksportbevillinger til Danmark for 7½% af den sildeolie, der produceres i sommeren 1953 indtil den 15. september og for 15% af den sildeolie, der produceres i vinteren 1953—1954 indtil denne protokols udløbsdato.

5. Ríkisstjórnir beggja landanna eru sammála um að stuðla að auknum viðskiptum milli Íslands og Danmerkur, og með tilliti til hins tiltölulega mikla innflutnings danskra vara til Íslands munu þær einkum leitast við að greiða fyrir útflutningi frá Íslandi til Danmerkur.

Gjört í Reykjavík, í tveimur eintökum á íslenzku og dönsku, er bæði skulu hafa jafnt gildi.

Reykjavík, 14. marz 1953.

Fyrir ríkisstjórn Íslands:
Bjarni Benediktsson.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur:
Bodil Begtrup.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 14. marz 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

5. Begge landes regeringer er enige om at virke for forøget samhandel mellem Island og Danmark, og under hensyn til Islands relativt store import af danske varer navnlig søge at lette Islands eksport til Danmark.

Udfærdiget i Reykjavík i to eksemplarer på det islandske og det danske sprog, idet begge tekster skal have samme gyldighed.

Reykjavík, den 14. marts 1953.

For den danske regering:
Bodil Begtrup.

For den islandske regering:
Bjarni Benediktsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ýmsir erfiðleikar hafi komið í ljós við framkvæmd 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og telji hann því brýna nauðsyn á því að breyta fyrrgreindu lagaákvæði.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjäreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946 og skal miða við lægri innstæðufjárhæðina. Bætur skal ekki greiða á heildarinnstæðufjárhæðir manna, sem lægri eru en kr. 200.00.

41
20. april

1953

138

41

20. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

42

4. maí

FORSETA BRÉF

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 23. og 24. október 1949 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er fjögur ár eru liðin frá kjördegi 1949, en hins vegar svo til ætlast í lögum nr. 80/1942, að almennar, reglulegar alþingiskosningar fari fram síðasta sunnudag í júnimánuði, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 28. júní 1953. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 28. júní 1953.

Gjört í Reykjavík, 4. dag maímánaðar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

43

27. maí

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem ákvæði kosningalaganna um bókstafsmerkingu landslista og lista í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, miði að því, að um þetta sé sem föstust skipan, þyki í beztu samræmi við það, að kveða svo á, að eldri stjórn­málaflokkar haldi listabókstaf sínum, en listar nýrra flokka verði merktir í áframhaldandi stafrófsröð eftir heiti þeirra.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð, eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórn­málaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

44

30. júní

um samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslíðs þess.

Hinn 11. maí 1953 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal Íslands að samkomulagi varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslíð þess, er undirritað var fyrir Íslands hönd í Ottawa 20. september 1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

45
30. júní

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um nýja radiótíðnalista.

Hinn 30. maí 1953 samþykkti Ísland alþjóðasamning um undirbúning og gildistöku hins nýja radió-tíðnalista fyrir hinar ýmsu þjónustur í tíðnasviðum milli 14 krið/sek. og 27500 krið/sek. í því skyni að koma í framkvæmd Atlantic City skránni um tíðna-úthlutanir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

46
30. júní

AUGLÝSING

um aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Hinn 11. maí 1953 var utanrikisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal Íslands að samkomulagi varðandi aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins, sem undirritað var fyrir Íslands hönd í París 28. ágúst 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 30. júní 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

47
7. júlí

TILSKIPUN

um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

Kafli A. — Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

- a) Eftir þessum reglum skulu fara öll skip og sjóflugvélar á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru í sambandi við það og eru færar hafskipum, með þeim undan-tekningum, sem getið er í 30. gr. Ef sjóflugvélar eru þannig gerðar, að þær geta ekki að öllu hlýtt fyrir mælum reglnanna um fyrirkomulag ljósa og bendingamynda, skal þeim fylgt eins nákvæmlega og unnt er.

- b) Reglnanna um siglingaljós skal gætt frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvernig 47
sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt sé að blanda 7. júlí
saman við hin lögboðnu siglingaljós eða gera erfiðara að greina þau, eða tor-
velda glögga útsýn frá skipinu.
- c) Þar, sem ekki er öðruvísi ákveðið í eftirfarandi reglum, á það við, sem hér segir:
1. Orðið „skip“ merkir sérhvert fljóttandi far, annað en sjóflugvélar á floti, sem notað er eða nota má til flutninga á sjó og vötnum.
 2. Orðið „sjóflugvél“ merkir flugbát eða hvert það loftfar, sem hægt er að stjórna á sjó.
 3. Orðið „vélskip“ merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli.
 4. Sérhvert vélskip, sem notar eingöngu segl til gangs, en ekki vélarafli, skal talið seglskip, og sérhvert skip, sem notar vél til gangs, skal talið vélskip, hvort sem það notar jafnframt segl eða eigi.
 5. Skip eða sjóflugvél á floti eru talin vera „laus“ (under way), þegar þau hvorki liggja við akkeri né landfestar eða standa á grunni.
 6. Með orðunum „hæð upp frá hol skipsins“ er átt við hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli.
 7. Með lengd og breidd skips er átt við þá lengd og þá breidd, sem talin er í skrásetningarskirteini þess.
 8. Lengd sjóflugvélar skal talin mesta lengd hennar, og vænghaf hennar það, sem lofthæfnisskirteini hennar sýnir, eða samkvæmt mælingu, sé slíkt skirteini ekki fyrir hendi.
 9. Þegar talað er um, að ljós „sjáist“, er átt við, að það sjáist um dimma nótt í hreinviðri.
 10. „Stutt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í h. u. b. eina sekúndu.
 11. „Langt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í 4—6 sekúndur.
 12. Orðið „eimpípa“ merkir bæði eimpípu og sírenu.
 13. Með „rúmlest“ er átt við brúttó-rúmlest.

Kaflí B. — Ljós og bendingamyndir. Þokubendingar.

2. gr.

Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum.

- a) Á vélskipi, sem er laust, skal vera:
1. Skært, hvítt ljós á framsigli eða fyrir framan hana, eða framan til á skipinu, ef engin framsigla er á því. Ljós þetta skal þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 20 kompásstrikum (225°) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi yfir 10 strik ($112\frac{1}{2}^\circ$) hvorum megin skipsins, sem sé beint fram undan og 10 strik á hvort borð, 2 strik ($22\frac{1}{2}^\circ$) aftur fyrir þverskipsstefnu, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 5 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
 2. Annaðhvort fyrir framan eða aftan hvíta ljósið, sem getur í 1. lið, skal vera annað hvítt ljós, að öllu leyti eins og fyrrnefnda ljósið. Skip styttri en 45.75 metrar (150 fet) og skip, sem draga önnur skip, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega það.
 3. Báðum þessum hvítu ljósum skal komið fyrir í lóðréttum langskurðarfleti gegnum kjöl skipsins, þannig að annað ljósið sé að minnsta kosti 4.75 metrum (15 fetum) ofar en hitt og að neðra ljósið sé framar en efra ljósið. Hin lárétta fjarlægð milli hinna tveggja hvítu ljósa skal vera að minnsta kosti þrisvar sinnum meiri en lóðréttu fjarlægðin milli þeirra. Lægra ljósinu, eða ef aðeins eitt er notað, þá því ljósi, skal komið fyrir

47
7. júlí

að minnsta kosti 6.1 metra (20 fetum) upp frá bol skipsins, og sé skipið meir en 6.1 metri (20 fet) á breidd, skal ljósið vera að minnsta kosti svo marga metra upp frá bolnum sem breidd skipsins nemur, en þó þarf það aldrei að vera meir en 12.2 metra (40 fet) upp frá bolnum; og alltaf skal ljósinu eða ljósunum, eftir því sem við á, komið þannig fyrir, að það eða þau verði laus við og fyrir ofan öll önnur ljós og skipshluta, er skyggt gætu á þau.

4. Grænt ljós á stjórnborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum ($112\frac{1}{2}^\circ$) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik ($22\frac{1}{2}^\circ$) aftur fyrir þverskipsstefnu á stjórnborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
5. Rautt ljós á bakborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum ($112\frac{1}{2}^\circ$) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik ($22\frac{1}{2}^\circ$) aftur fyrir þverskipsstefnu á bakborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
6. Við ofangreindu grænu og rauðu hliðarljósin skal setja hlif þeim megin, er að skipinu veit, og skal hún ná að minnsta kosti 91 centimetra (3 fet) fram fyrir ljósið, til að varna því, að þessi ljós sjáist yfir kinnung skipsins hinum megin.

b) Á sjóflugvél, sem er laus á floti, skal vera:

1. Skært, hvítt ljós framan til í miðlínu flugvélarinnar, þar sem það sést bezt, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 220 kompásgráðum, og þannig sett, að það lýsi yfir 110° hvorum megin flugvélarinnar, sem sé beint framundan og 20° aftur fyrir þvert á hvort borð, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 3 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
2. Grænt ljós á hægri eða stjórnborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á stjórnborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
3. Rautt ljós á vinstra eða bakborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 20° aftur fyrir þvert á bakborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.

3. gr.

Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum, sem draga önnur skip og sjóflugvélar.

- a) Á vélskipi, sem dregur annað skip eða sjóflugvél eða ýtir þeim, skulu auk hliðarljósanna vera 2 skær, hvít ljós, og séu þau lóðrétt hvort upp af öðru og 1.83 metrar (6 fet) á milli þeirra að minnsta kosti. Ef skipið dregur fleiri en eitt skip eða fleiri en eina sjóflugvél, skal það hafa að auki skært, hvítt ljós fyrir ofan eða neðan hin ljósin, ef lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni, er yfir 183 metra (600 fet). Öll þessi ljós skulu vera eins löguð og öllum eins háttað og hvíta ljósinu, sem um ræðir í 2. gr. staflið a, 1, og skal einu þeirra komið fyrir á sama

- stað og því ljósi, en þó skal neðsta ljósið ekki vera neðar en 4.27 metrar (14 fet) upp frá bolnum. Hafi skipið aðeins eina siglu, má hafa ljósin á þeirri siglu. 47
7. júlí
- b) Dráttarskipið skal enn fremur hafa annaðhvort skutljós, eins og um getur í 10. gr., eða í stað þess lítið, hvítt ljós fyrir aftan reykháfinn eða aftursiglu fyrir dregnu skipin að stýra eftir. Það ljós má þó ekki sjást fyrir framan þverskipsstefnu. Eftir vild má hafa hvíta ljósið, sem um getur í 2. gr. staflið a, 2, eða sleppa því.
- c) Þegar sjóflugvél á floti dregur eina eða fleiri sjóflugvélar eða skip, skal hún hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. staflið b, 1, 2 og 3. Auk þess skal hún hafa annað hvítt ljós, eins lagað og eins háttað og hvíta ljósinu, sem greint er í 2. gr. staflið b, 1, og að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) lóðrétt fyrir ofan eða neðan það ljós.

4. gr.

Bendingar á skipum og sjóflugvélum, sem ekki verður stjórnad.

- a) Á skipi, sem ekki er undir stjórn, skulu vera á þeim stað, sem hægst er að sjá þau, og ef um vélskip er að ræða, þá í staðinn fyrir ljós þau, er um getur í 2. gr. staflið a, 1 og 2, 2 rauð ljós með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti, og sé annað ljósið lóðrétt upp af hinu. Ljós þessi skulu sjást, hvaðan sem lítið er, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- Á daginn skulu á skipi, er svona stendur á fyrir, vera 2 svartar kúlur eða bendingamyndir með ekki minna en 1,83 metra (6 feta) millibili, á þeim stað, sem hægst er að sjá þær; hvor þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hvor þráðbeint upp af annarri.
- b) Sjóflugvél á floti, sem ekki er undir stjórn, má hafa 2 rauð ljós á þeim stað, sem hægst er að sjá þau, hvort þráðbeint upp af öðru með 91 centimetra (3 feta) millibili og þannig löguð og háttað, að þau sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- Á daginn má hún hafa uppi 2 svaríar kúlur eða bendingamyndir, 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, hvora þráðbeint upp af annarri með 91 centimetra (3 feta) millibili að minnsta kosti og komið fyrir þar, sem þær sjást bezt.
- c) Á skipi, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða á skipi, sem starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, og ef störfum þess er þannig háttað, að það getur ekki vikið fyrir skipi, sem nálgast, skulu í stað ljósa þeirra, sem greind eru í 2. gr. staflið a, 1 og 2, vera 3 ljós, hvert þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta ljósið skulu vera rauð og miðljósið hvítt, og öll skulu þau vera þannig gerð, að þau sjáist, hvaðan sem lítið er, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- Á daginn skal skipið hafa 3 bendingamyndir á þeim stað, sem hægst er að sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hver þeirra þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta myndin skulu vera hnöttóttar og rauðar að lit, en miðmyndin hvít og í lögum sem teningur, hengdur upp á horni.
- d) Skip þau og flugvélar, sem um getur í þessari grein, skulu ekki hafa lituðu hliðarljósin uppi, þegar þau eru ekki á siglingu, en á siglingu skulu þau hafa þau.
- e) Önnur skip og sjóflugvélar skulu skoða ljós þau og bendingamyndir, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau og flugvélar, sem hafa þau uppi, séu ekki undir stjórn og geti því ekki vikið úr leið.
- f) Bendingar þessar sýna ekki, að skip séu í nauðum stödd og æski hjálpar. Þeirra bendinga er getið í 31. gr.

47
7. júlí

5. gr.

Ljósbendingar á seglskipum og dregnum skipum og sjóflugvélum.

- a) Á seglskipi, sem er laust, og á öllum skipum og sjóflugvélum, sem dregin eru, skulu vera sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. á vélskipum eða sjóflugvélum, sem laus eru, nema hvítu ljósin, er þar um ræðir, mega þau aldrei hafa.
- Einnig skulu þau hafa uppi skutljós eins og greint er í 10. gr., þó þannig, að dregin skip, önnur en aftasta skipið í lestinni, mega í stað skutljóssins hafa lítið, hvítt ljós, eins og um getur í 3. gr. staflið b.
- b) Á skipi, sem verið er að ýta áfram, skal á framenda vera grænt ljós stjórnborðsmegin og rautt ljós bakborðsmegin, og skulu ljósin vera að öllu leyti eins og ljósin, sem lýst er í 2. gr. staflið a, 4 og 5, og búin hlífum, eins og segir í 2. gr. staflið a, 6, þó þannig, að hversu mörg sem skipin eru, sem ýtt er áfram í einum hóp, þá skal ljósabúnaður þeirra vera eins og aðeins væri um eitt skip að ræða.

6. gr.

Ljósbendingar á smáskipum í illviðri.

- a) Þegar grænu og rauðu hliðarljósin verða ekki höfð á sínum stað á litlum skipum vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, skulu þau þó höfð tendruð og tiltæk þegar í stað, ef á þarf að halda. Ef skipið nálgast annað skip eða annað skip nálgast það, skal sýna ljósin hvort sínum megin svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, og þetta skal gert á þann hátt, að ljósin sjáist sem bezt, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin, né heldur, ef unnt er, aftur en 2 strík aftur fyrir þverskipsstefnu hvort sínum megin.
- b) Til þess að öruggara og auðveldara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin hvort um sig vera máluð utan með sama lit og ljósin hafa, sem í þeim eru, og búin hæfilegum hlífum.

7. gr.

Ljósbendingar á smáskipum, þegar venjulega viðrar.

Vélskip smærri en 40 rúmlesta, svo og segl- og róðrarskip minni en 20 rúmlesta og árabátar, skulu, þegar þau eru laus, ekki skyld að hafa ljós þau, sem greind eru í 2. gr., en hafi þau ekki þessi ljós, skulu á þeim vera ljós þau, er hér segir:

- a) Á vélskipum minni en 40 rúmlesta, öðrum en þeim, sem greind eru í staflið b, skal vera:
1. Skært, hvítt ljós framan til á skipinu, þar sem það sést bezt; skal það vera að minnsta kosti 2.75 metrum (9 fetum) fyrir ofan borðstokkinn, eins lagað og fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflið a, 1, og þannig háttáð, að það sjáist 3 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
 2. Græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflið a, 4 og 5, og þannig háttáð, að þau sjáist 1 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, eða samsett ljósker með grænu ljósi öðrum megin og rauðu ljósi hinum megin, er lýsi beint fram og sitt til hvorrar hliðar 2 strík aftur fyrir þverskipsstefnu. Ljósker þetta skal vera að minnsta kosti 91 centimetra (3 fetum) fyrir neðan hvíta ljósið.
- b) Á litlum vélbátum, sem hafðir eru á hafskipum, er heimilt að hafa hvíta ljósið neðar en 2.75 metra frá borðstokknum, en þó skal það haft ofar en hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem um ræðir í staflið a, 2.
- c) Skip undir árum eða seglum, minni en 20 rúmlesta, önnur en þau, sem greind eru í staflið d, skulu, ef þau hafa ekki hliðarljósin, hafa ljósker, þar sem það

sést bezt, er sýni grænt ljós öðrum megin og rautt ljós hinum megin, 1 sjómílu 47
álengdar að minnsta kosti, og sé því þannig fyrir komið, að græna ljósið 7. júlí
sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin.

Þar, sem ekki er unnt að hafa þetta ljósker fast, skal það vera tendrað og tiltækt og sýnt svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin.

- d) Litlir árabátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu aðeins skyldir að hafa til taks rafmagnslampa eða ljósker tendrað hvítu ljósi, er sýnt skal í tæka tíð til að afstýra árekstri.
- e) Skip þau og bátar, sem um er rætt í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau og bendingamyndir, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið a og 11. gr. staflið e.

8. gr.

Ljósendingar á hafnsögubátum.

- a) 1. Segl-hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja ekki við akkeri, skulu eigi hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru á öðrum skipum, heldur skulu þeir hafa á siglutoppi hvítt ljós, er sjáist á alla vegu 3 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, og auk þess skulu þeir með stuttu millibili, sem aldrei má vera lengra en 10 mínútur, sýna blys, eitt eða fleiri.
- 2. Þegar þeir nálgast mjög önnur skip eða önnur skip þá, skulu þeir hafa hliðarljósin tiltæk og bregða þeim upp með stuttu millibili eða láta þau leiftra, til að sýna, hvert þeir stefni; græna ljósið má þó ekki sýna bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin.
- 3. Segl-hafnsögubát af þeirri gerð, sem leggja verður að skipshlið til að koma hafnsögumanni upp á skipið, er heimilt að sýna hvítt ljós í stað þess að hafa það á siglutoppi, og enn fremur í stað hliðarljósanna þeirra, er getið var áður, að hafa tiltækt ljósker með grænu gleri öðrum megin og rauðu gleri hinum megin, sem farið skal með eins og fyrr segir.
- b) Vél-hafnsögubátur, sem er í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggur ekki við akkeri, skal til viðbótar við ljós og blys, sem fyrirskipuð eru á segl-hafnsögubátum, hafa rautt ljós 2.4 metrum (8 fetum) fyrir neðan hvíta siglutopp-ljósið, og skal það sjást á alla vegu 3 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, og enn fremur hliðarljós eins og skylt er að hafa á skipum, sem laus eru. Í staðinn fyrir blys má hafa skært, hvítt blossaljós, sem sést á alla vegu.
- c) Allir hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja við akkeri, skulu sýna ljós þau og blys, sem fyrirskipuð eru í stafliðunum a og b, nema hliðarljósin skulu þeir ekki sýna. Þeir skulu einnig hafa uppi akkerisljós, eins og fyrirskipað er í 11. gr.
- d) Allir hafnsögubátar, sem ekki eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum, skulu, hvort sem þeir liggja við akkeri eða ekki, hafa sömu ljós og önnur skip af sama flokki og rúmlestatali.

9. gr.

Ljós- og dagbendingar á fiskiskipum.

- a) Þegar fiskiskip eru ekki að veiðum, skulu þau sýna sömu ljós og bendingamyndir sem fyrirskipað er á öðrum skipum af sömu gerð og rúmlestatali. Á fiskveiðum skulu þau sýna aðeins þau ljós og bendingamyndir, sem fyrirskipað er í þessari grein, og skulu þessi ljós og bendingamyndir, nema öðruvísi sé ákveðið, sjást 2 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
- b) Skip, sem veiða með toglinum (trolling [towing] lines), skulu aðeins sýna

47
7. júlí

þau ljós, sem fyrirskipuð eru á vélskipi eða seglskipi, sem er laust, eftir því sem við á.

- c) Skip, sem veiða með netum eða fiskilóðum, öðrum en toglinum, skulu, ef veiðarfærin liggja ekki meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem það verður bezt séð, hvítt ljós sýnilegt á alla vegu; nálgast skipið annað skip eða annað skip það, skal til viðbótar sýna annað hvítt ljós, að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fyrra ljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) — á litlum, opnum bátum 1.83 metra (6 fet) — í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið er fest.

Á daginn skulu slík skip gefa starf sitt til kynna með því að hafa uppi körfu þar á skipinu, sem hún sést bezt, og liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, er önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkerismerkinu, sem veiðarfærin eru.

- d) Skip að veiðum með netum eða fiskilínum, öðrum en toglinum, skulu, ef veiðarfærin liggja meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem þau sjást bezt, 3 hvít ljós með 0.91 metra (3 fet) millibili, er myndi lóðréttan þríhyrning og sjáist á alla vegu. Ef þessi skip eru á ferð, skulu þau hafa uppi lögboðin hliðarljós, en liggi þau kyrr, skulu þau ekki sýna þau.

Á daginn skulu þau hafa uppi körfu framan til á skipinu, svo nærri stefninu sem unnt er, og ekki minna en 3.05 metra (10 fet) upp frá öldustokk, og enn fremur svarta keilu með mjóa endann upp, og sé henni komið fyrir þar, sem hún sést bezt. Liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, ef önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkerismerkinu, sem veiðarfærið er.

- e) Skip að botnvörpuveiðum, þ. e. þau, sem draga hvers konar veiðarfæri eftir sjávarbotninum eða í námunda við hann og liggja ekki við akkeri, skulu:

1. Ef þau eru vélskip, hafa á sama stað og hvíta ljósið, sem greint er í 2. gr. staflíð a, 1, þrjú ljósker, þannig gert og fyrir komið, að það sýni hvítt ljós beint fram undan og tvö strík á bæði borð, og enn fremur grænt og rautt ljós frá 2 stríkum frá beinni stefnu fram undan að 2 stríkum fyrir aftan þverskipsstefnu, bæði á stjórnborða og bakborða; enn fremur skal að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) og í mesta lagi 3.65 metrum (12 fetum) fyrir neðan þrjú ljóskeri hafa hvítt ljós í þannig gerðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring. Enn fremur skulu þau hafa skutljós eins og greint er í 10. gr. staflíð a.

2. Ef þau eru seglskip, skulu þau hafa hvítt ljós í þannig löguðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring; og ef þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálgast þau, þá skulu þau enn fremur sýna, þar sem bezt sést, hvítan ljósblossa eða blys í tæka tíð til að afstýra árekstri.

3. Á daginn skulu öll ofangreind skip hafa uppi körfu, þar sem hún sést bezt.

- f) Auk þeirra ljósa, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, mega fiskiskip sýna blys eða ljósblossa, ef þörf krefur, til að vekja á sér athygli skipa, sem nálgast. Einnig mega þau nota vinnuljós.
- g) Þegar fiskiskip liggja við akkeri með veiðarfæri úti, skulu þau sýna ljós þau eða bendingamyndir, sem greint er frá í 11. gr. staflíðunum a, b eða c; og ef önnur skip nálgast þau, skulu þau einnig sýna hvítt ljós að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fremra akkerisljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið liggur.
- h) Ef skip að veiðum festir veiðarfærið í kletti eða annarri fyrirstöðu, þá skal

það að degi til draga niður körfuna, sem um getur í stafl. c, d eða e, og setja upp merki það (kúluna), sem greint er frá í 11. gr. stafl. c. Að nóttu til skal það sýna það eða þau ljós, sem greint er frá í 11. gr. stafl. a eða b, og í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða slæmu skyggni annarra hluta vegna skal það, hvort sem er á nóttu eða degi, beita hljóðbendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 15. gr. stafl. c, 5, og þær bendingar skal einnig nota, þegar annað skip nálgast mjög í góðu skyggni.

Aths. Um þokumerki á fiskiskipum, sjá 15. gr. stafl. c, 9.

10. gr.

Skutljós á skipum og sjóflugvélum.

- a) Á skipi, sem er laust, skal hafa á afturstafni hvítt ljós, þannig lagað og svo fyrir komið, að það beri samfellda birtu yfir 12 strika boga af sjóndeildarhringnum, þ. e. beint aftur undan skipinu og 6 strik á hvort borð, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti. Ljós þetta skal vera sem næst og unnt er í sömu hæð og hliðarljósin.

Aths. Um skip, sem draga önnur skip eða eru dregin sjálf, sjá 3. gr. stafl. lið b og 5. gr.

- b) Ef skipið er lítið og ekki er unnt að festa þetta ljós vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, þá skal hafa tendrað ljósker eða raflampa til taks og sýna svo nemma, að komizt verði hjá árekstri, þegar annað skip dregur skipið uppi.
- c) Sjóflugvél, sem er laus á floti, skal hafa á afturenda hvítt ljós, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 140 kompásgráðum, þannig fyrir komið, að það lýsi beint aftur og 70° á hvort borð flugvélarinnar, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.

11. gr.

Ljósþendingar á skipum og sjóflugvélum, sem liggja við akkeri eða standa á grunnni.

- a) Þegar skip, sem ekki nær 45.75 metra (150 feta) lengd, liggur við akkeri, skal það hafa hvítt ljós framan til, þar sem það sést best, í þannig gerðu ljóskeri, að það varpi skærri, jafnri og samfelldri birtu allt í kring, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- b) Þegar skip, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur við akkeri, skal framan til á því vera eitt hvítt ljós, ekki neðar en 6.1 metra (20 fet) upp frá þolnum. Enn fremur skal á afturstafni þess eða í námunda við hann vera annað samskonar ljós, og skal það vera að minnsta kosti 4.57 metrum (15 fetum) neðar en fremra ljósið. Bæði þessi ljós skulu sjást á alla vegu, 3 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- c) Frá sólarupprás til sólarlags skulu öll skip, er liggja við akkeri, hafa uppi svarta kúlu, ekki minni en 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, og skal hún höfð framan til á skipinu, þar sem hún sést best.
- d) Skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða starfar að sjómælingum eða neðansjárvarvinnu, skal, þegar það liggur við akkeri, hafa uppi þau ljós eða merki, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. stafl. c, auk ljósa og merkja samkvæmt því, sem fyrirskipað er hér að framan í þessari grein.
- e) Skip, sem stendur á grunnni, skal hafa uppi það eða þau ljós, sem fyrirskipuð eru í stafl. a eða b, og auk þess 2 rauð ljós eins og fyrirskipað er í 4. gr. stafl. lið a.

Á daginn skulu þau hafa 3 svartar kúlur á þeim stað, sem hægst er að

47
7. júlí

- sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti og hver þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti.
- f) Þegar sjóflugvél, sem ekki nær 45.75 metrum (150 fetum) að lengd, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa hvítt ljós, þar sem það sést best; skal það sjást á alla vegu, 2 sjómíliur á lengdar að minnsta kosti.
- g) Þegar sjóflugvél, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa, þar sem best sést, hvítt ljós að framan og annað hvítt ljós að aftan, er bæði sjáist á alla vegu, 3 sjómíliur á lengdar að minnsta kosti; sé vænghaf hennar meira en 45.75 metrar (150 fet), skal hún auk þess hafa hvítt ljós á hvorum vængbroddi, er sjáist á alla vegu, eftir því sem unnt er, 1 sjómíliu á lengdar að minnsta kosti.
- h) Sjóflugvél, sem stendur á grunni, skal hafa uppi akkerisljós eins og fyrirskipað er í stafliðum f og g, eftir því sem við á, og má hún auk þess hafa 2 rauð ljós, er sjáist á alla vegu, og hvort þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti.

12. gr.

Blossa- eða hvellbendingar á skipi eða sjóflugvél, sem vill vekja athygli á sér.

Auk ljósa þeirra, sem fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum og sjóflugvélum heimilt, ef þau þurfa að vekja á sér athygli, að sýna blys eða ljósblossa eða viðhafa hverja þá hvell- eða hljóðbendingu, sem ekki verður blandað saman við neitt af þeim merkjum, sem reglur þessar fyrirskipa.

13. gr.

Sérstakar bendingar á herskipum og skipalínum.

- a) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun stöðvaljósa og merkjaljósa á herskipum, skipum í herskipafylgd eða sjóflugvélum á floti; og ekki er það því til fyrirstöðu, að sýndar verði einkennisbendingar, er útgerðarmenn hafa valið skipum sínum, löggiltar hafa verið af hlutaðeigandi stjórnarvöldum og eru skrásettar og auglýstar á hæfilegan hátt.
- b) Þegar hlutaðeigandi stjórn hefur ákveðið, að herskip eða annað skip í herflota hennar eða sjóflugvél, af sérstakri gerð eða sem ætlað er sérstakt hlutverk, geti ekki að öllu leyti farið eftir ákvæðum reglna þessara um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, nema það trufla hernaðarstörf skipsins eða sjóflugvélarinnar, þá skal skip þetta eða sjóflugvél fara eftir ákvæðum annarra slíkra reglna um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, sem stjórnin ákveður, að nálgist fyrirmæli þessara reglna, að svo miklu leyti sem framast er unnt, með tilliti til þess skips eða þeirrar sjóflugvélar.

14. gr.

Dagbending á vélskipi, sem fer undir seglum.

Skip, sem gengur fyrir seglum og er jafnframt knúð áfram af einhvers konar vélarafli, skal á daginn hafa uppi svarta keilu með mjóa endann upp; grunnflötur keilunnar skal vera að minnsta kosti 61 centimetri (2 fet) að þvermáli, og skal henni komið fyrir framan til á skipinu, þar sem hún sést best.

15. gr.

Hljóðbendingar í þoku o. s. frv.

47

7. júlí

- a) Á hverju vélskipi skal vera hljóðsterk eimpípa, sem gefur frá sér hljóð með gufuafli eða einhverju, sem kemur í þess stað, og skal henni þannig fyrir komið, að hljóðið stöðvist ekki af neinni hindrun á skipinu. Enn fremur skal á hverju vélskipi vera hljóðsterkt þokuhorn, sem kveður við, þegar í það er blásið með þar til gerðu tæki, og einnig hljómmikil klukka.

Á seglskipum, sem eru 20 rúmlestir eða meira, skulu vera sams konar þokuhorn og klukkur.

- b) Allar bendingar, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, skulu gerðar á skipum, sem laus eru:
1. á vélskipum með eimpípunni;
 2. á seglskipum með þokuhorninu;
 3. á dregnum skipum með eimpípunni eða þokuhorninu.
- c) Í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna skal, hvort sem er á nóttu eða degi, beita bendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, svo sem hér segir:
1. Vélskip, sem er á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við langt hljóð.
 2. Vélskip, sem er laust, en hefur stöðvazt og heldur eigi áfram, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu þögn á milli þeirra.
 3. Seglskip, sem er laust, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi gefa bendingu sem hér segir:

Þegar það hefur vindinn á stjórnborða, þvert eða framar, 1 hljóð.

Þegar það hefur vindinn á bakborða, þvert eða framar, 2 hljóð hvort á eftir öðru.

Þegar það hefur vindinn aftar en þvert, 3 hljóð hvert á eftir öðru.
 4. Þegar skip liggur við akkeri, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi hringja klukkunni ótt og títt í hér um bil 5 sekúndur.

Á skipum, sem eru lengri en 106.75 metrar (350 fet), skal hringja klukkunni frammi á skipinu, og auk þess skal aftur á skipinu, í mesta lagi á mínútu fresti, berja málmbumbu eða annað slíkt áhald í hér um bil 5 sekúndur, og skal hljóðið úr því vera þannig, að það verði ekki tekið fyrir klukkuhringingu.

Öll skip, sem liggja við akkeri, mega auk þess samkvæmt því, er segir í 12. gr., gefa frá sér 3 hljóð hvert á eftir öðru, þ. e. a. s. eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að láta skip, sem nálgast, vita af sér og að hætta geti verið á árekstri.
 5. Skip, sem dregur annað skip, skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, og skip, sem er laust, en getur ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi, sem nálgast, af því að það er ekki undir stjórn eða lætur ekki að stjórn á þann hátt, sem krafizt er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipaðar eru í 1., 2. og 3. lið, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt.
 6. Skip, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru í eftirdragi, þá skal síðasta skipið í lestinni, ef það er mannað, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 4 hljóð, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 3 stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þessa bendingu strax á eftir bendingu dráttarskipsins.

47
7. júlí

7. Á skipi, sem stendur á grunni, skal gefa bendingar þær, sem fyrirskipaðar eru í 4. lið, og auk þess slá 3 sérstök og greinileg högg á klukkuna, strax á undan og eftir hverri hringingu.
8. Skip minni en 20 rúmlestir að stærð, róðrabátar og sjóflugvélar á floti, eru eigi skyld að gefa ofangreindar bendingar, en gefi þau þær ekki, skulu þau gefa aðrar greinilegar hljóðbendingar með ekki meira en 1 mínútu millibili.
9. Þegar skip, sem er 20 rúmlestir að stærð eða meira, er á fiskveiðum, skal það gefa frá sér eitt hljóð með ekki meira en 1 mínútu millibili, og skal hverju hljóði vera samfara klukkuhringing. Í stað þessarar bendingar má það viðhafa aðra hljóðbendingu, það er að segja, gefa frá sér nokkur hljóð hvert á eftir öðru, há og dimm á víxl.

16. gr.

Í þoku o. s. frv. skal dregið úr ferð.

- a) Öll skip og allar sjóflugvélar, sem eru á ferð á sjó eða vatni, skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna minnka ferð og taka nákvæmt tillit til kringumstæðna allra og ástands.
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðra- skólastjóri	6000.00
Þorsteinn Gíslason, fv. fiskimatsmaður .	2242.50
Þorsteinn Þorsteinsson, fv. hagstofustj. .	11957.00
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	1700.00
Þorvaldur Jakobsson, fv. sóknarprestur	7141.50
Þorvaldur Þorvaldsson, fv. fiskimatsm. .	2242.50
	1274868.62
Verðlagsuppbót	641981.98

1 916 851

b. Ekkjur:

Aðalbjörg Jakobsdóttir	2811.75
Aðalbjörg Sigurðardóttir	6727.50
Agnethe Kamban	4140.00
Álfheiður Kjartansdóttir	16560.00
Anína Arinbjarnardóttir	1690.50
Anna Ásmundsdóttir	4600.00
Anna Bjarnadóttir	1690.50
Anna Kl. Jónsson	2518.50
Anna Pálsdóttir	4140.00
Anna Sigurðardóttir	8211.00
Anna Stefánsdóttir	3363.75
Anna Þorgrímsdóttir	4000.00
Anna Þorkelsdóttir	3484.00
Arndís Sigurðardóttir	1690.50
Árný Stígsdóttir	1690.00
Ásdís Þorgrímsdóttir	1690.50

		kr.	kr.	87 24. des.
Áslaug Thorlacius	5175.00			
Ásta Einarson	3363.75			
Ásta Jaden	4600.00			
Ásta Þorvaldsdóttir	1690.50			
Ástriður Magnúsdóttir	1121.50			
Ástriður Petersen	3363.75			
Auður Gísladóttir	2867.82			
Auður Jónasdóttir	10350.00			
Bentína Hallgrímsson	9340.87			
Björg Guðmundsdóttir	2242.50			
Björg Jónasdóttir	3933.00			
Bryndís Þórarinsdóttir	6000.00			
Camilla Hallgrímsson	4500.00			
Dorothea Guðmundsson	3933.00			
Eleanor Sveinbjörnsson	6727.50			
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	3531.94			
Elínborg Vigfúsdóttir	2242.50			
Elísabet Jónsdóttir	1690.50			
Elísabet Sigurðardóttir	3000.00			
Ellen Einarsson	21870.00			
Ellen Sveinsson	5597.62			
Emelía P. Briem	10350.00			
Ethel Arnórsson	5175.00			
Finnbjörg Kristófersdóttir	7000.00			
Fríða Hliðdal	18810.00			
Geirlaug Stefánsdóttir	2811.75			
Guðbjörg Hermannsdóttir	3260.25			
Guðbjörg Kristjánsdóttir	6727.50			
Guðbjörg Tómasdóttir	3363.75			
Guðfinna Þórðardóttir	1681.87			
Guðlaug Magnúsdóttir	11195.25			
Guðríður Eiríksdóttir	2811.75			
Guðríður Helgadóttir	3829.50			
Guðríður Ólafsdóttir	3156.75			
Guðrún Arinbjarnar	5175.00			
Guðrún Egilson	11195.25			
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	5606.25			
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5000.00			
Guðrún Hálfánardóttir	2000.00			
Guðrún Hermannsdóttir	2242.50			
Guðrún Jónsdóttir	6727.50			
Guðrún P. Jónsdóttir	6727.50			
Guðrún Oddgeirsdóttir	4000.00			
Guðrún Oddsdóttir	6500.00			
Guðrún Pétursdóttir	5000.00			
Guðrún Ragúels	1690.50			
Guðrún Sveinsdóttir	10785.52			
Guðrún Torfadóttir	3933.00			
Guðrún Þorvarðsson	8500.00			
Halldóra Ólafsdóttir	10350.00			

	kr.	kr.
Halldóra Þórðardóttir	3363.75	
Hansína Pálsdóttir	1500.00	
Harriet Jónsson	2518.50	
Hedvig Blöndal	1690.50	
Helga Finnsdóttir	12000.00	
Helga Jónsdóttir	3933.00	
Helga I. Stefánsdóttir	1690.50	
Hildur Björnsdóttir	4422.90	
Hlín Johnson	10091.25	
Hrefna Ingimarsdóttir	6727.50	
Hrefna Jóhannesdóttir	3363.75	
Ingibjörg Björnsdóttir	3500.00	
Ingibjörg Jakobsdóttir	2070.00	
Ingibjörg Jónasdóttir	3933.00	
Ingibjörg Magnúsdóttir	3933.00	
Ingileif Aðils	2242.50	
Ingveldur Einarsdóttir	3933.00	
Ingveldur Ólafsdóttir	1681.87	
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3500.00	
Jóhanna Gunnarsdóttir	3795.00	
Jóhanna Jónsdóttir	5000.00	
Jóhanna Magnúsdóttir	3933.00	
Jóhanna Thorlacius	1690.50	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	4830.00	
Jóney Guðmundsdóttir	3363.75	
Júliana M. Jónsdóttir	4550.00	
Katrín Sveinsdóttir	3500.00	
Klara Helgadóttir	2000.00	
Kristín Guðmundsd., ekkja E. Helgasonar	3363.75	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1681.87	
Kristín Pálsdóttir	2811.75	
Kristín Sigurðardóttir	3000.00	
Kristín Thorberg	2070.00	
Kristín Thoroddsen	2070.00	
Kristín Þórarinsdóttir	5000.00	
Kristjana Benediktsdóttir	2242.50	
Kristólína Kragh	2242.50	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	4242.50	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3500.00	
Lára Guðnadóttir	5000.00	
Laufey Vilhjálmsdóttir	13351.50	
Lilja Haraldsdóttir	2760.00	
Lovísa Sveinbjörnsson	17430.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir	690.00	
Magnea Magnúsdóttir	8500.00	
Málfriður Jónsdóttir	4500.00	
Margrét Árnadóttir	4863.75	
Margrét Ásmundsdóttir	2242.50	
Margrét Jónasdóttir	3933.00	

		kr.	kr.	87 24. des.
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	3500.00			
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1690.50			
Margrét Lárusdóttir	5175.00			
Margrét Kr. Lárusdóttir	2242.50			
Margrét Þórðardóttir	3363.75			
Margrethe Kaldalóns	15749.25			
María Guðlaugsson	4140.00			
Maria J. Klemenzen	1690.50			
Marta Þórarinsdóttir	2811.75			
Nielsína Ólafsdóttir	3363.75			
Oktavía Sigurðardóttir	4500.00			
Ólafía Einarsdóttir	6000.00			
Ólafía Finnbogadóttir	1121.50			
Ólafía Valdimarsdóttir	3000.00			
Olga E. Jónsson	5000.00			
Ólína Snæbjörnsdóttir	3933.00			
Ólína Þorsteinsdóttir	5606.25			
Ólöf Steingrimsdóttir	2811.75			
Ragnheiður Bjarnadóttir	5606.25			
Ragnheiður Jónasdóttir	10350.00			
Ragnheiður Straumfjörð	1690.50			
Ragnheiður Torfadóttir	2242.50			
Ragnhildur Teitsdóttir	1600.00			
Ragnhildur Thorlacius	6000.00			
Rannveig Tómasdóttir	3363.75			
Rigmor Ófeigsson	4485.00			
Rósa Jónsdóttir	1121.50			
Sesselja Eiríksdóttir	1690.50			
Sigríður Arnljótsdóttir	4485.00			
Sigríður Bjarnason	9000.00			
Sigríður Finnbogadóttir	4485.00			
Sigríður Fjeldsted	3363.75			
Sigríður Gísladóttir	1690.50			
Sigríður Guðmundsdóttir	1690.50			
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum ..	8452.50			
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2811.75			
Sigríður Kjartansdóttir	6727.50			
Sigríður Pétursdóttir	5000.00			
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2811.75			
Sigríður Snæbjörnssen	4500.00			
Sigríður Steingrimsdóttir	1121.50			
Sigrún Bjarnason	4360.00			
Sigrún Kjartansdóttir	3933.00			
Sigurbjörg Bogadóttir	3933.00			
Sigurlaug G. Gröndal	2242.50			
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5000.00			
Sólveig Árnadóttir	1690.50			
Sólveig Eggerz	14257.12			
Sólveig Pétursdóttir	5000.00			
Stefanía Hjaltested	2811.75			

87
24. des.

Stefanía Stefánsdóttir	5500.00
Steinunn P. Eyjólfsson	2979.94
Steinunn Jóhannesdóttir	3363.75
Steinunn Oddsdóttir	2811.75
Steinunn E. Stephensen	3363.75
Súsanna Friðriksdóttir	5000.00
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5300.00
Theódóra Thoroddsen	6727.50
Unnur Skúladóttir	5606.25
Valborg Einarsson	5606.25
Valgerður Benediktsson	20334.36
Valgerður Ólafsdóttir	4000.00
Vigdís G. Blöndal	2811.75
Viktoría Bjarnadóttir	845.25
Vilborg Bjarnadóttir	3200.00
Vilborg Torfadóttir	1690.50
Vilhelmina Ingimundardóttir	3650.00
Þóra L. Björnsson	6000.00
Þóra Sigurðardóttir	1690.50
Þóra Skaftason	1690.50
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50
Þórunn Hafstein	2242.50
Þórunn Pálsdóttir	5606.25
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50
Þórunn Þórðardóttir	1035.00
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3500.00
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50
Þuríður Káradóttir	6500.00
	897084.70
Verðlagsuppbót	494165.27

1 391 250

c. Barnastyrkir:

1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðs- læknis, Jóhanna Margrét Árna- dóttir, f. 1 $\frac{1}{2}$ 1924, sjúklingur	1690.50
2. Barn Bergsveins sál. Haraldssonar, kennara, Bergljót Bergsveinsdóttir, f. ½ 1942	1690.50
3. Barn Sigurðar sál. Gíslasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 2 $\frac{1}{2}$ 1939	1690.50
	5071.50
Verðlagsuppbót	2789.32

7 861

3 315 962

		18. gr.		
		kr.	kr.	87 24. des.
III.	Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)		6 600 000	
IV.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 103/1943		160 000	
V.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		23 500	
VI.	Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		2 150 000	
	Samtals	12 952 661	

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til dýrtíðarráðstafana		45 900 000
2.	Til óvissra útgjalda		1 500 000
	Samtals	47 400 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
IV. Lán tekin á árinu vegna fjárskipta		800 000
Samtals	3 250 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán	10640299	
b. Lán í dönskum bönkum	1232954	
c. Lán í Bandaríkjunum	81600	
	11954853	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2)	945 000	12 899 853
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánnum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		8 000 000
III. Til eignaaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		5 100 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		650 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VI. Til byggingar hjörgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins		500 000
VII. Til sementsverksmiðju		1 000 000
VIII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 800 000	
Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunar- kvennaskóla.		
2. Til byggingar fávítahælis	500 000	
IX. Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða		2 300 000
X. Til flugvallagerða		1 000 000
XI. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	1 320 000
2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	75 000	
4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík .	1 300 000	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	250 000	
6. Til byggingar skólastjóraíbúðar við menntaskólann að Laugarvatni	250 000	
7. Til viðbótar Málleysingjaskólans	200 000	

	kr.	kr.	87 24. des.
8. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	550 000		
9. Til byggingar skólastjóraibúðar við íþróttakennaraskólann á Laugarvatni	100 000		
		3 415 000	
XII. Til bygginga á prestssetrum		1 350 000	
XIII. Til byggingar prestsseturshúss á Hólum		100 000	
XIV. Til útihúsa á prestssetrum		350 000	
XV. Til byggingar sýslumannabústaða		600 000	
XVI. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		450 000	
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		350 000	
XVIII. Til rafveituframkvæmda á Hólum		150 000	
XIX. Til byggingar beitarhúsa á Hólum		25 000	
XX. Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri		75 000	
XXI. Til fjósbyggingar að Eiðum		100 000	
XXII. Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		650 000	
XXIII. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglina		400 000	
Samtals	40 934 853	

		kr.	kr.
Tekjur:			
2. gr.	Skattar og tollar		338 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		98 659 886
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		4 100 000
Samtals	443 552 886

II. Sjóðs-

		kr.
Inn:		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	443 552 886
Aðrar innborganir og fyrningar:		
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
— IV.	Lán tekin á árinu	800 000
Samtals ...		446 802 886

Yfirlit.
yfirlit.87
24. des.

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld:			
7. gr.	Vextir		3 417 428
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		560 161
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga		3 744 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		13 940 302
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	26 398 395	
— B.	Opinbert eftirlit	1 596 373	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	10 704 101	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	550 000	39 248 869
12. gr.	Til læknaþingis og heilbrigðismála		30 164 090
13. gr. A.	Vegamál	41 597 997	
— B.	Samgöngur	8 167 500	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	12 211 366	
— D.	Flugmál	3 310 188	65 287 051
14. gr. A.	Kirkjumál	6 132 248	
— B.	Kennslumál	59 823 758	65 956 006
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	5 044 385	
— B.	Til rannsóknna í opinbera þágu o. fl.	6 249 404	11 293 789
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	36 287 490	
— B.	Sjávarútvegsmál	6 102 555	
— C.	Iðnaðarmál	2 123 220	
— D.	Raforkumál	12 774 067	57 287 338
17. gr.	Til félagsmála		54 339 485
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		12 952 661
19. gr.	Óviss útgjöld		47 400 000
	Rekstrarafgangur		37 960 909
	Samtals	443 552 886

yfirlit.

		kr.
Út:		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	405 591 977
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar Greiðslujöfnuður ...	40 934 853 276 056
	Samtals ...	446 802 886

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.
- III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heima-húsum.
- IV. Að greiða Magnúsi Jónssyni prófessor styrk til vísindastarfa, er nemi mismun á eftirlaunum hans og fullum prófessorslaunum, enda sé hann ekki í öðru starfi á vegum hins opinbera.
- V. Að greiða Jóni Björnssyni rithöfundi 25 þús. kr. styrk vegna húsbyggingar.
- VI. Að verja allt að 24 þús. kr. til þess að greiða prestum þeim húsaleigustyrk, er eigi hafa afnot embættisbústaða.
- VII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1953 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- VIII. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkt staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
- IX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- X. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.
- XI. Að leggja fram það mikið nýtt hlutafé í Skallagrím h/f í Borgarnesi, að hlutafé ríkissjóðs verði jafnan $\frac{1}{3}$ af heildarhlutafjárhæð félagsins, þó ekki yfir 600 þús. kr.
- XII. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins.
- XIII. Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 6 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar (endurveiting).
- XIV. Að ábyrgjast lán, allt að 6 millj. kr., til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjólsværksmiðja.
- XV. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- XVI. Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- XVII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóþífreiðum.
- XVIII. Að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskattur, af efni í skip og báta, er þær smíða. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því er ætla

- má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna. 87
24. des.
- XIX. Að greiða allt að 700 þús. kr. upp í áfallnar rekstrarskuldir þjóðleikhússins.
- XX. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1953 nái 360 þús. kr.
- XXI. Að taka lán að fjárhæð allt að 1.4 millj. kr. hjá Framkvæmdabanka Íslands til framkvæmda vegna flugþjónustu.
- XXII. Að ábyrgjast lán hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir sildarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði að fjárhæð allt að 2.6 millj. kr.
- XXIII. Að ábyrgjast allt að 550 þús. kr. rekstrarlán fyrir Samband isl. byggingarfélagaga gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
- XXIV. Að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði.
- XXV. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.
- XXVI. Að kaupa land og húseignir af héraðsskólanum á Laugarvatni handa menntaskólanum og íþróttakennaraskólanum, enda náist samkomulag um verð.
- XXVII. Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og cystri á Rangárvöllum og leigja þær landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarhú.
- XXVIII. Að verja allt að 1 millj. kr. til byggingar sementsverksmiðju.
- XXIX. Að verja allt að 220 þús. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarláni, sem tekið verður fyrir hönd bænda á garnaveikissvæðunum milli Lónsheiðar og Öxarfjarðar.
- XXX. Að leggja fram allt að 250 þús. kr. án mótframlags til byggingar barnaskóla í Hnífsdal í stað þess, er fauk í ofviðri á öndverðu árinu 1953.
- XXXI. Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.
- XXXII. Að greiða sildarútvegsnefnd allt að 1 millj. kr. vegna ábyrgðar á söluverði sunnanlandssildar, sem framleidd er á árinu 1953.
- XXXIII. Að verja allt að 2.5 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.
- XXXIV. Að greiða eigendum minkabúa allt að 250 þús. kr. í bætur vegna niðurlagningar búanna, sbr. lög nr. 11/1951, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.
- XXXV. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.
- XXXVI. Að lána Sölufélagi garðyrkjumanna allt að 300 þús. kr. til byggingar á söluskála fyrir vörur þeirra.
- XXXVII. Að greiða $\frac{3}{4}$ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.
- XXXVIII. Að afhenda sambandslýðveldi Þýskalands húseignina Túngötu 18 í Reykjavík.
- XXXIX. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

87
24. des. Á árinu 1954 skal greiða sérstakar uppþætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III. flokki	launalaga	10 %
— — —	IV.	— —	12 —
— — —	V.—IX.	— —	15 —
— — —	X.—XV.	— —	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1954 skal greiða 15% uppþót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1953 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

88
24. des.

L Ö G

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálstan. Meðan gjald-eyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstjórnin hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjálstan. Enn fremur ákveður ríkisstjórnin með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli frjálstar. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur skulu háðar innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrisölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankar mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af hendi aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð, settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

3. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slið verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipta milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f., þannig að hinn síðarnefndi fái á kaupgengi einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, hlutfallslega af hverri mynt, er keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

Ef nauðsyn ber til, geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa.

4. gr.

Útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. allan þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast. Þó getur innflutningsskrifstofan veitt undanþágu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á.

Gjaldeyriseftirlitið, er Landsbanki Íslands fer með, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og að erlendir gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlað. Einnig ber gjaldeyriseftirlitinu að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka, og er hlutaðeigandi aðilum skylt að gera því fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum viðskiptum.

5. gr.

Innflutningsskrifstofa, sem stofna skal samkvæmt lögum þessum, hefur með höndum leyfisveitingar samkv. 1. og 8. gr.

Tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, veita innflutningsskrifstofunni forstöðu. Þeir ráða starfsfólk skrifstofunnar, en tala starfsmanna og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur skrifstofunni nánari starfsreglur.

6. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir samkvæmt lögum þessum, og hefur hvor þeirra rétt til að vísa ágreiningi um meiri háttar mál til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar fara, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, með verðlagsákvæðanir, samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvæðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála.

8. gr.

Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð, ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar, er allt að 520 rúmmetrum, svo og peningshús, heyllöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta samtals allt að 40 000 krónum.

Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir.

Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kaптúnnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, að framkvæmdir, sem heimilar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

88 24. des. Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra og þessir aðilar áætla að kosti samtals yfir 40000 krónur.

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks.

10. gr.

Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar og öðrum, er annast framkvæmd laga þessara, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

11. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 20 til 200 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, er annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim verða sektum allt að 200 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Innflutningsskrifstofan innheimtir, þegar leyfi er afhent, 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfi hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af innflutningsskrifstofunni og framkvæmd þessara laga. Ef þær tekjur hrökkva ekki til, greiðir ríkissjóður það, er á vantar. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

13. gr.

Þar sem í lögum þessum er talað um ríkisstjórnina, er átt við ríkisstjórnina í heild.

14. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð samkvæmt 1. gr. laganna, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, svo og önnur lög og lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

88

24. des.

Meðan ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að skammta það magn þessara vara, sem lækkað er í verði á þennan hátt.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

89

29. des.

um löggilta endurskoðendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni, sem:

1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt þeim starfa;
2. er 25 ára gamall;
3. er íslenskur ríkisborgari;
4. er búsettur hér á landi;
5. er lögráða og hefur forræði fjár síns;
6. hefur óflekkað mannorð;
7. hefur lokið prófraun, sem mælt er í 2. gr.

2. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar samkvæmt 1. gr., skal ganga undir próf fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar. Skal prófraunin við það miðuð, að í ljós sé leitt, að prófmaður hafi öðlazzt þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfanum vaxinn.

Engum er heimilt að ganga undir próf samkvæmt 1. mgr., nema hann hafi unnið þrjú ár samtals að endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda. Nú hefur prófmaður unnið þrjú ár að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar, og getur ráðherra þá að fengnum tillögum prófnefndar veitt undanþágu frá ákvæði 1. málslíðs þessarar málsgreinar.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum prófnefndar að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá prófraun samkvæmt 1. mgr. manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis.

Nú hefur prófmaður lokið prófi í Háskóla Íslands í fræðigreini, og er hann þá undanþeginn prófi, að því er hana varðar. Ráðherra getur að fenginni umsögn prófnefndar veitt undanþágu frá prófi í fræðigreini, sem prófmaður hefur lokið háskóla-prófi í erlendis.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreindir, framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

89

29. des.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun endurskoðenda samkvæmt lögum þessum og fullnægja til þess skilyrðum laganna. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreininir, kennslu og kennslugjöld skulu sett með reglugerð. Í reglugerð má og ákveða, að kennarar þeir, sem kennslu annast á námskeiði, prófi nemendur, hver í sinni grein, og jafngildir það próf þá prófraun fyrir prófnefnd, að því er þá námsgrein varðar.

3. gr.

Endurskoðandi skal fá skirteini, er ráðherra gefur út, um löggildingu sína. Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða 500 krónur í ríkissjóð.

4. gr.

Peim einum, sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar, er heimilt að nefnast „löggiltur endurskoðandi“. Bönnuð er notkun starfsheitis, sem til þess er fallin að valda því, að maður sé talinn vera löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

5. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

6. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

7. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra, á hvaða stöðum þeir reka skrifstofur.

8. gr.

Nú ákveður dómari, að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara, og skal þá til þess starfs kveðja löggiltan endurskoðanda, ef hans er þar kostur.

9. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar félags löggiltra endurskoðenda, hvort endurskoðunarstarf er samrýmanlegt öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrir mælum ráðherra, og hefur endurskoðandinn þá fyrir gert löggildingu sinni.

10. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 10. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskirteini sínu. En veita má ráðherra honum að fengnum tillögum prófnefndar löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

11. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákæruvalds undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakar- 89
efnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra 29. des.
mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

13. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þó eigi beitt, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Lög um löggilta endurskoðendur, nr. 9 frá 15. júní 1926, eru úr gildi numin.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

90

29. des.

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 hljóði svo: Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá kjörstjórum þeim, sem ákveðnir eru í lögum um kosningar til Alþingis, þegar er yfirkjörstjórnin hefur auglýst framboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

91

29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistarsjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla.

3. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

92

29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stafliður b. undir 1. lölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna 1/8% fram til ársloka 1957, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkvæmt 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Sjúkrahúsálög

93

31. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 79 23. des. 1953 um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., hef látið fella 1. gr. hinna fyrstnefndu laga, ásamt 1. og 2. efnismgr. 1. gr. laga nr. 45 12. febr. 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949 og lögum nr. 24 16. febr. 1953, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gef þau út af nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsálög.

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkra-skýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar til-svarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. gr. skulu fylgja upplýsingar um verk-svið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innan-stokksmunum og áhöldum, enn fremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrar-fyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðis-kröfum og ætla megí, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarendi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annarra stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnun-um þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefur yfir-umsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefur lækniseftirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrsl-um þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfir-læknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkra-hús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkra-húsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

93

31. des.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan sins héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefur sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annarra sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarrar tilsvarendi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefur verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhvers konar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarrar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist hefur verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefur ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar,

er ráðherra skipar. Það er verkefni nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verkvið nefndarinnar. 93 31. des.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkrahússkýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlöndinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.

11. gr.

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggja rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

12. gr.

Sjúkrahús, sjúkrahússkýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkrahússkýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvareandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkrahússkýlum eða læknis-

93 bústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati 31. des. dómkvaddra manna.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna i rikis-sjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

